

nauðsyn að fá efnisdóm um rétt sinn, ef til er, til yfirferðar um Þingeyraselsland en Miðhópsland.

Að vísu var eiganda Þingeyraselslands stefnt, en hún lætur málið afskiptalaust, enda hefur afnotum af þessu landi verið hag- að sem og hverju öðru afréttarlandi síðustu áratugina.

Af framanrituðu sést, að allmikið vantar á, að málið hafi fengið þann undirbúning, að hægt sé að kveða upp efnisdóm í því. Verður því að vísa málinu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. nóvember 1977.

Nr. 32/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson rikissaksóknari)

gegn

**Ómari Ægissyni og**

**Kristjáni Árnasyni**

(Kristján Eiríksson hrl.).

Bifreiðar. Nyttjastuldur. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Atferli beggja hinna ákærðu, það er þeir eru sakaðir um í ákæruskjali 16. október 1975, er réttilega fært til refsí- ákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Í úrlausn héraðsdómara um háttsemi ákærða Ómars, þá er ákæruskjal 24. nóvember s. á.

tekur til, felst, að dómariinn telur ákærða sekan m. a. um að hafa reynt að aka bifreiðinni R 40511 undir áhrifum áfengis. Atferli hans varðar við 1. málsg. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, 2. málsg., sbr. 4. málsg. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. málsg. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga með lögjöfnun.

Við ákvörðun refsingar ákærða Ómars ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að virða sakarefni þau, sem um er fjallað í dómum sakadóms Reykjavíkur 28. september og 11. desember 1973. Þykir refsing ákærða Ómars hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Ákvæði héraðsdóms um skaðabótagreiðslu hans og ökuleyfissviptingu ber að staðfesta.

Refsing ákærða Kristjáns þykir hæfilega ákveðin tveggja mánaða varðhald, en fresta skal fullnustu refsingar, og falla skal hún niður að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, 35.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða Ómars Ægissonar, um greiðslu skaðabóta og ökuleyfissviptingu eiga að vera óröskuð.

Ákærði Kristján Árnason sæti tveggja mánaða varðhaldi, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og falla skal hún niður að liðnum 2 árum frá uppsögn dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. desember 1975.**

Ár 1975, þriðjudaginn 30. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 953-954/1975: Ákærvaldið gegn Ómari Ægissyni og Kristjáni Árnasyni, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað af hálfu ríkissaksóknara á hendur ákærðu, Ómari Ægissyni sjómanni, Skúlagötu 64, Reykjavík, fæddum þar í borg 29. janúar 1956, og Kristjáni Árnasyni sjómanni, Fannarfelli 2, Reykjavík, fæddum þar í borg 12. september 1955.

Er málið höfðað með tveim ákæruskjölum.

Með ákæru, dagsettri 16. október sl., er mál höfðað gegn ákærðu báðum „fyrir að taka í heimildarleysi, aðfaranótt laugardagsins 14. júní 1975, bifreiðina R 21217 á bifreiðastæði við Hátún 6 í Reykjavík og halda síðan á brott í henni.

Ákærða Ómari er ennfremur gefið að sök að aka áðurnefndri bifreið í framhaldi af tökunni, undir áhrifum áfengis, þar til akstrinum lauk á Rjúpnahæð.

Telst þessi háttsemi beggja varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, og háttsemi ákærða Ómars ennfremur við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði Ómar ennfremur til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.“

Þá er mál höfðað með ákæru, dagsettri 24. nóvember sl., gegn ákærða Ómari einum „fyrir að reyna að stela bifreiðinni R 40511,

aðfaranótt laugardagsins 24. maí 1975, við Vífilssstaðahæli, en ákærði, sem var undir áhrifum áfengis, hugðist síðan aka bifreiðinni til Reykjavíkur, en lögreglumenn hindruðu ákærða í fyrirætlan sinni, er hann hafði klippt í sundur rafmagnspræði við kveikjúlás og hugðist gangsetja vél bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956 og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, allt samanber 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

*Ákæra dagsett 16. október 1975.*

Aðfaranótt laugardagsins 14. júní sl. voru þrír lögreglumenn í Reykjavík á eftirlitsferð í lögreglubifreið. Klukkan 0415 voru þeir staddir á veginum, sem liggur sunnan megin í Rjúpnahæð. Þeir veittu þá athygli bifreiðinni R 21217, sem var þar á veginum, og var maður að ýta bifreiðinni, en annar maður sat í farþegasæti bifreiðarinnar. Við athugun reyndist vél bifreiðarinnar vera heit.

Lögreglumennirnir höfðu tal af mönnunum, ákærðu Ómarí Ægissyni og Kristjáni Árnasyni, og kom þá í ljós, að hvorugur þeirra var eigandi bifreiðarinnar, og gátu þeir ekki skýrt frá því, hver það væri. Ákærðu voru því fluttir á lögreglustöðina við Hverfisgötu og yfirheyrðir þar af varðstjóra.

Ákærði Kristján, sem hafði verið að ýta bifreiðinni, skýrði svo frá, að ákærði Ómar hefði einn ekið bifreiðinni, en sjálfur kvaðst hann hvorki hafa réttindi né kunnáttu til þess. Hann kvað þá hafa fengið bifreiðina að láni hjá manni, sem hann vissi ekki nafn á, en þeir hafi hitt hann utan við samkomuhúsið Röðul. Þar hefði hann afhent þeim lyklakippu og sagt þar vera lykla að bifreiðinni, en hún væri við Hátún 6. Þar hafi þeir svo tekið umrædda bifreið og hafi einn lykill á kippunni gengið að dyralæsingu bifreiðarinnar, en kveikjúláslykillinn hafi verið í hanskahólfinu. Ákærði Kristján var með lyklakippuna, og voru hún og kveikjúláslykillinn tekin af ákærðu. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar virtist ákærði Kristján lítils háttar undir áhrifum áfengis.

Ákærði Ómar var einnig yfirheyrður af varðstjóra, og var frásögn hans að öllu leyti samhljóða frásögn ákærða Kristjáns. Hann viðurkenndi jafnframt akstur bifreiðarinnar og kvað ákærða Kristján hvergi hafa komið þar nærri. Samkvæmt skýrslu varðstjórans lagði talsverða áfengislykt frá vitum ákærða Ómars, og þá var hann rjóður í andliti og augu vot og blóðhlaupin.

Að yfirheyrslu lokinni var ákærði Ómar fluttur á slysadeild Borgarspítalans og honum tekið þar blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 0515 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði hans 1.65%.

Eigandi bifreiðarinnar R 21217, Haraldur Eggertsson rafvirki, Hátúni 6 í Reykjavík, 64 ára að aldri, hefur staðfest fyrir dómi, að bifreið hans hafi verið horfin að morgni laugardagsins 14. júní sl. af stað þeim á bifreiðastæði við Hátún 6, þar sem hann hafði skilið hana eftir læsta kvöldið áður. Hafði varalykill að kveikju-lásnum verið í hanskahólfinu.

Þegar Haraldur tók við bifreiðinni, var hún nokkuð skemmd. Læsing að hurð ökumanns var skemmd, og gat Haraldur ekki notað læsinguna og varð að kaupa nýja. Þá varð Haraldur að kaupa nýjan hurðarhún að hurð ökumanns, þar sem hann hafði verið hálfvegis snúinn af. Loks höfðu rafmagnspræðir í háspennu-keflinu verið rifnir úr sambandi, og skemmdir urðu á vélarhlíf bifreiðarinnar, þar sem festingarjárnin höfðu verið slitin úr sambandi.

Segir Haraldur vafalaust, að þeir, sem tóku bifreiðina, hafi gert það með því að opna hana með einhverjum lykli, sem þó hafi ekki passað, og skemmt læsinguna. Ekki hefur verið upplýst, hvar lyk-illinn var fenginn, sem notaður var til þess að opna bifreiðina með.

Haraldur gerir ekki skaðabótakröfu í málinu.

Verður nú rakið það, sem fram er komið í málinu samkvæmt framburði ákærðu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi.

Ákærðu voru báðir í samkomuhúsinu Röðli að kvöldi föstudagsins 13. júní sl. og drukku þar nokkur glös af áfengisblöndu, og voru báðir undir áhrifum áfengis, þegar þeir yfirgáfu samkomuhúsið um nóttina, að sögn ákærða Kristjáns klukkan 0100. Fyrir utan samkomuhúsið segjast ákærðu hafa hitt pilt um nóttina. Segja þeir piltinn hafa boðið þeim áðurgreinda bifreið, sem hann hafi sagst eiga, og hafi hann gengið með þeim niður á bifreiðastæðið og bent þeim þar á bifreiðina. Jafnframt lét hann þá hafa lykla, sem hann sagði, að gengju að bifreiðinni. Segja

ákærðu, að greiðlega hafi gengið að opna bifreiðina, en hana opnuðu ákærðu með lykli, sem var á lyklakippu, sem pilturinn lét þá hafa. Samt segir ákærði Ómar, að húninn að hurð ökumanns hafi farið í sundur, þegar tekið var í hann. Ákærði Kristján kveðst þó vefengja, að þeir hafi snúið í sundur hurðarhún á bifreiðinni.

Ekkert var minnst á það, hvar skila skyldi bifreiðinni og lyklunum eða hvar ákærðu skyldu hitta piltinn. Taldi ákærði Kristján, að þeir ættu að skilja bifreiðina eftir á sama stað og lyklana inni í henni.

Ákærði Ómar segir, að pilturinn hafi verið dökkhærður, síðhærður með hár niður á axlir og gleraugu. Vegna ölvunar sinnar gerir hann sér ekki grein fyrir því, hvort pilturinn hafi verið hár eða lágur eða hvernig hann hafi verið klæddur, og telur hann útilokað, að hann geti þekkt piltinn aftur, þó að hann sæi hann.

Ákærði Kristján kveðst ekki vita, hvað pilturinn heiti, en segir, að hann hafi verið ljóshærður með stutt hár og gleraugu og frekar lágvaxinn, en þó ekki mjög lágur. Telur ákærði, að hann hafi verið um 170 cm á hæð. Telur ákærði óvíst, að hann mundi bera kennsl á piltinn, þó að hann sæi hann afur, og veit engin ráð til að hafa upp á honum. Þá gat ákærði ekki upplýst um klæðaburð pilsins.

Ákærði Ómar ræsti bifreiðina með svisslykli, sem var í hanska-hólfi bifreiðarinnar. Hann ók bifreiðinni síðan svo til beinustu leið upp í Breiðholt og þaðan upp á Rjúpnahæð, en þar drap vél bifreiðarinnar á sér, og þar voru ákærðu handteknir síðar um nóttina, eins og þegar er fram komið, en þeir höfðu þá um nokkra stund verið að reyna að koma bifreiðinni í gang án árangurs. Við þessar tilraunir höfðu þeir m. a. opnað vélarhús bifreiðarinnar og athugað ýmsar leiðslur þar í því skyni að kanna, hvort einhver þeirra væri laus.

Ákærði Ómar kveðst hafa fundið töluvert til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar, en ekki hafði hann áfengi meðferðis í bifreiðinni og neytti því ekki áfengis eftir að akstri lauk.

Með eigin framburði ákærðu, sem studdur er framburði eiganda bifreiðarinnar R 21217, er sannað, að ákærðu tóku og notuðu bifreiðina greinda nótt án heimildar hans, svo sem í ákæru er rakið. Sú frásögn ákærðu, að einhver piltur, sem þeir vita engin deili á, hafi afhent þeim lykla og bent þeim á bifreiðina og sagt, að þeir mættu aka henni, er ákaflega ósennileg. Þá er ósamála framburður ákærðu um hárslag pilsins og skemmdir þær,

sem urðu á bifreiðinni af völdum ákærðu, þegar þeir voru að komast inn í hana, ekki til fallið að styrkja þessa ósennilegu sögu þeirra. Verður því ekki á hana fallist, enda með öllu fráleitt að hugsa sér, að bifreiðar séu boðnar til afnota að næturlagi með þessum hætti ókunnugum mönnum, og hlaut ákærðu að vera þetta ljóst.

Pá er sannað með eigin játningu Ómars, sem er í samræmi við niðurstöðu alkóhólrannsóknar og önnur gögn málsins, að hann ók bifreiðinni, svo sem í ákæru er rakið, undir áhrifum áfengis.

Með heimildarlausri töku bifreiðarinnar hafa ákærðu báðir brotið gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956. Með ölvunarakstrinum hefur ákærði Ómar auk þess brotið gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

*Ákæra dagsett 24. nóvember 1975.*

Aðfaranótt laugardagsins 24. maí sl. voru tveir lögreglumenn úr Hafnarfirði á eftirlitsferð í lögreglubifreið. Klukkan 0445 voru þeir staddir við Vífilsstaðahæli og veittu þá athygli manni, sem var að sniglast í kringum Volkswagen bifreiðina R 40511, sem stóð þar á bifreiðastæði. Þegar lögreglumennirnir urðu varir við manninn, var vélarhlíf bifreiðarinnar opin og maðurinn að fást við eitthvað þar. Hann settist inn í bifreiðina, þegar hann varð lögreglumannanna var.

Lögreglumennirnir höfðu tal af manninum, en það var ákærði Ómar. Þeir sáu þá, að hann var undir áhrifum áfengis. Ákærði viðurkenndi, að hann hefði ætlað að taka bifreiðina í heimildarleysi og aka á henni til Reykjavíkur. Var ákærði búinn að klippa í sundur rafþræði frá kveikjúlás.

Ákærði var fluttur á lögreglustöðina í Hafnarfirði og jafnframt fenginn læknir til þess að taka úr honum blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Var það gert klukkan 0630 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 2.02‰.

Ákærði var síðan yfirheyrður næsta dag af rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði og endurtók þá það, sem hann hafði sagt lögreglunni um nóttina.

Ákærði hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi síðla nætur aðfaranótt laugardagsins 24. maí sl. verið drukkinn að flækjast í nánd við Vífilsstaðahæli. Hafði ákærði verið við áfengisdrykkju kvöldið áður. Ákærði kom að Volkswagen fólksbifreið,

sem stóð á bifreiðastæði við Vífilstaðahæli. Hann hugðist taka bifreiðina í heimildarleysi og aka henni til Reykjavíkur þrátt fyrir ölvun sína. Í því skyni opnaði ákærði vélarhús bifreiðarinnar og klippti í sundur rafþræði við kveikjulás og hugðist þannig gangsetja bifreiðina með því að tengja beint. Til verksins notaði ákærði töng, sem hann hafði fundið í bifreiðinni, en hún var ólæst. Áður en ákærði kom bifreiðinni í gang, kom lögreglan og handtók hann. Ákærði var ekki með áfengi meðferðis og neytti því ekki áfengis eftir að hann hóf að fást við bifreiðina og fyrir handtöku.

Eigandi bifreiðarinnar R 40511, Ólafur Oddgeir Sigurðsson kaupmaður, Mávahlíð 15 í Reykjavík, hefur lagt fram í málinu reikning að fjárhæð 6.350 krónur vegna viðgerðar á skemmdum þeim, sem ákærði olli með broti sínu. Hefur ákærði samþykkt kröfuna, og verjandi hans hefur ekki mótmælt henni.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða er sannað, að hann hafi greint sinn gert tilraun til heimildarlausrar töku bifreiðarinnar R 40511. Með því hefur hann brotið gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, allt sbr. 20. gr. hegningarlaga.

#### *Sakaferill ákærðu.*

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærur og refsingum sem hér segir:

Ákærði Ómar:

- 1972 Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 23/3 1972.
- 1973 25/5 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1973 25/5 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 155. gr., 244. gr. og 254. gr. hegningarlaga.
- 1973 17/8 Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.
- 1973 28/9 Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1973 11/12 Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 248. gr. og 259. gr. hegningarlaga.



Ákærði Kristján:

1972 1/8 Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 217. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

*Niðurstöður.*

Ákærði Ómar hefur með greindri háttsemi sinni rofið skilorð það, sem honum var sett í dóminum frá 11. desember 1973. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að ákvarða honum nú í einu lagi refsingu fyrir fyrri brot hans og brot þau, sem mál þetta fjallar um. Þykir refsing hans með hliðsjón af því og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár.

Ákærði Kristján stóðst skilorð dómsins frá 1. ágúst 1972. Með hliðsjón af því og að ákærði hefur aldrei áður hlotið óskilorðsbundna refsingu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Svipta ber ákærða Ómar ökuréttindum, svo sem krafist er í ákærunum og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta hann ökuréttindum í 3 ár frá 28. júlí 1975 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Eins og áður greinir, hefur ákærði Ómar samþykkt skaðabótakröfu Ólafs Oddgeirs Sigurðssonar að fjárhæð 6.350 krónur, og verjandi hans hefur ekki mótmælt henni. Kröfunni þykir vera í hóf stillt, hún er nægilega rökstudd og samþykki ákærða er fyrir hendi. Þykir því bera að taka kröfuna til greina og dæma ákærða til þess að greiða hana.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

**Dómsorð:**

Ákærði Ómar Ægisson sæti fangelsi í 1 ár og ákærði Kristján Árnason sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði Ómar er sviptur ökuréttindum í 3 ár frá 28. júlí 1975 að telja.

Ákærði Ómar greiði Ólafi Oddgeir Sigurðssyni 6.350 krónur í skaðabætur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þar með talin

málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1977.

Nr. 111/1977. **Ármannsfell h/f**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

**Tollstjóranum í Reykjavík**

(Sigurður Ólason hrl.).

Áfrýjunarfrestur. Áfrýjunarleyfi. Máli vísað frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Armann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörns-son og Logi Einarsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Með úrskurði Hæstaréttar hinn 3. júní 1977 var það mál fellt niður að kröfu stefnda. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju hinn 1. júlí 1977 með skírskotun til heimildar í 36. gr. laga nr. 75/1973. Eru dómkröfur hans þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framgang hins umbeðna uppboðs. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Er dómsmálaráðuneytið veitti leyfi til áfrýjunar hins áfrýjaða uppboðsréttarúrskurðar 26. október 1976, voru meira en þrír mánuðir liðnir frá uppkvaðningu úrskurðarins. Brast ráðuneytið því lagaheimild til að veita áfrýjunarleyfið, shr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Verður því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.